

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 20

2. árgangur

1.6.1995

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/20/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.593 - Volvo/Henlys).....	01
95/EES/20/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.598 - Daimler-Benz/Carl Zeiss).....	02
95/EES/20/03	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um aðferðir við eftirlit til að viðhalda opinberri viðurkenningu á því að nautgripahjarðir í Hollandi séu lausar við berkla..	02
95/EES/20/04	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um stöðu Frakklands hvað varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.....	03
95/EES/20/05	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 1995 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/65/EBE um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan bandalagsins og innflutning til bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um.....	03

95/EES/20/06	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 82/735/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Búlgaríu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	03
95/EES/20/07	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/449/EBE um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorðum hvað varðar kjötvörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum	03
95/EES/20/08	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á ákveðnum afurðum frá, samanber þó tilskipun ráðsins 92/118/EBE...	04
95/EES/20/09	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun ráðsins 82/734/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Sviss sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	04
95/EES/20/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins.....	04
95/EES/20/11	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um samþykkt áætlunar sem Svíþjóð lagði fram um viðurkenningu á starfsstöðvum vegna viðskipta innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.....	04
95/EES/20/12	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/10/EB frá 7. apríl 1995 um aðferð við að reikna út orkuinnihald hunda- og kattamatar sem hefur sérstakt næringargildi.....	04
95/EES/20/13	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB frá 7. apríl 1995 um breytingu á tilskipun 94/39/EB um skrá yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs sem hefur sérstakt næringargildi.....	05
95/EES/20/14	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 61/94 - Þýskaland.....	05
95/EES/20/15	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 62/94 - Þýskaland.....	05
95/EES/20/16	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 64/94 - Þýskaland.....	06
95/EES/20/17	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 6/92 - Ítalía.....	06
95/EES/20/18	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 63/94 - Ítalía.....	06
95/EES/20/19	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 14/95 - Spánn.....	07
95/EES/20/20	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 15. 5. til 19. 5. 1995.....	07
95/EES/20/21	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	08

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.593 - Volvo/Henlys)

95/EES/20/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Volvo Bus Corporation, undir yfirráðum Volvo Group, og Henlys Group plc. öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Prévost Car Inc. með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Volvo Bus Corporation: hönnun, framleiðsla og markaðssetning á undirvögnum langferða- og áætlunarbifreiða og langferða- og áætlunarbifreiðum,
 - Henlys Group plc: hönnun, framleiðsla og markaðssetning á yfirbyggingum fyrir langferða- og áætlunarbifreiðir; smásala á bílum í gegnum bílasala,
 - Prévost Car Inc.: framleiðsla á langferðabifreiðum til flutninga milli borga og á grindum áætlunarbifreiða með fellanlegu þaki.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 132, 31. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.593 - Volvo/Henlys, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.598 - Daimler-Benz/Carl Zeiss)****95/EES/20/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 5. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Daimler-Benz AG og Carl Zeiss öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Zeiss-Eltro Optronik GmbH með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Daimler Benz AG: bifreiðir, flugiðnaður, rafmagns- og rafeindabúnaður, fjármagnsþjónusta og fleira,
 - Carl Zeiss: sjóntæki, rafmagnsvörur og glervörur,
 - Zeiss-Eltro Optronik: ljóstækni á sviði hernaðar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 134, 1. 6. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.598 - Daimler-Benz/Carl Zeiss, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um 95/EES/20/03
aðferðir við eftirlit til að viðhalda opinberri viðurkenningu á því að
nautgripahjarðir í Hollandi séu lausar við berkla**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um aðferðir við eftirlit til að viðhalda opinberri viðurkenningu á því að nautgripahjarðir í Hollandi séu lausar við berkla í Stjútíð. EB nr. L 91, 22.4. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um nauðsynlegar eftirlitsráðstafanir til að viðhalda viðurkenningunni „opinberlega lausar við berkla“ sem eru lagaðar að hinu sérstaka heilbrigðisástandi nautgripahjarða í Hollandi (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjútíð. EB).

(1) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um stöðu 95/EES/20/04
Frakklands hvað varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og
veirublóðeitrun**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um stöðu Frakklands hvað varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun í Stjtið. EB nr. L 84, 14.4. 1995. Vatnasvæði sem talin eru upp í viðaukanum við ákvörðunina eru viðurkennd sem viðurkennd meginlandssvæði hvað varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) og strandsvæðin sem tilheyra þessum vatnasvæðum sem talin eru upp í viðaukanum við ákvörðunina eru viðurkennd strandsvæði hvað varðar IHN og VHS (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 1995 um 95/EES/20/05
breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/65/EBE um
dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan bandalagsins og
innflutning til bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu
sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum bandalagsins er um getur í I.
hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. apríl 1995 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/65/EBE um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan bandalagsins og innflutning til bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um í Stjtið. EB nr. L 117, 24.5. 1995. Eftirfarandi nýr liður j) um dýr sem á að rannsaka í tilraunastofum bætist við í l. mgr. viðauka C við tilskipun 92/65/EBE. Í viðauka D koma viðaukar I til V við þessa tilskipun í stað I. til IV. kafla (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um 95/EES/20/06
breytingu á ákvörðun 82/735/EBE hvað varðar skrána yfir
starfsstöðvar í Búlgaríu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja
nýtt kjöt til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 82/735/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Búlgaríu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 98, 21.4. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 82/735/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um 95/EES/20/07
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/449/EBE um
fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorðum hvað varðar kjötvörur sem eru
fluttar inn frá þriðju löndum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/449/EBE um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorðum hvað varðar kjötvörur sem eru fluttar inn frá þriðju löndum í Stjtið. EB nr. L 91, 22.4. 1995. Með þessari ákvörðun er tilvísun til Argentínu bætt við II. hluta E-viðauka við ákvörðun 91/449/EBE (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um 95/EES/20/08
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð
skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á ákveðnum
afurðum frá, samanber þó tilskipun ráðsins 92/118/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin heimila innflutning á ákveðnum afurðum frá, samanber þó tilskipun ráðsins 92/118/EBE í Stjttíð. EB nr. L 89, 21.4. 1995. Í ákvörðuninni er viðaukanum við ákvörðun 94/278/EB breytt á þann hátt að tilvísun til Madagaskar og Nýja-Sjálands er bætt við B-lið II. hluta, tilvísun til Madagaskar er bætt við XI. hluta og tilvísun til Egyptalands bætt við XII. hluta viðaukans (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um 95/EES/20/09
breytingu á ákvörðun ráðsins 82/734/EBE hvað varðar skrána yfir
starfsstöðvar í Sviss sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt
til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun ráðsins 82/734/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Sviss sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjttíð. EB nr. C 98, 21.4. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 82/734/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um 95/EES/20/10
breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar
í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt til bandalagsins í Stjttíð. EB nr. C 98, 21.4. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 81/91/EBE kemur viðauki við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um 95/EES/20/11
samþykkt áætlunar sem Svíþjóð lagði fram um viðurkenningu á
starfsstöðvum vegna viðskipta innan bandalagsins með alifugla og
útungunaregg**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. apríl 1995 um samþykkt áætlunar sem Svíþjóð lagði fram um viðurkenningu á starfsstöðvum vegna viðskipta innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg í Stjttíð. EB nr. L 92, 25. 4. 1995. Með þessari ákvörðun er áætlunin sem Svíþjóð lagði fram um viðurkenningu á starfsstöðvum samþykkt (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/10/EB frá 7. apríl 1995 95/EES/20/12
um aðferð við að reikna út orkuinnihald hunda- og kattamatar sem
hefur sérstakt næringargildi**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/10/EB frá 7. apríl 1995 um aðferð við að reikna út orkuinnihald hunda- og kattamatar sem hefur sérstakt næringargildi í Stjttíð. EB nr. L 91, 22.4. 1995. Í tilskipuninni er aðildarríkjum gert skylt að kveða á um að reikna skuli út orkuinnihald

hunda- og kattamatar sem hefur sérstakt næringargildi samkvæmt aðferðinni sem lýst er í viðaukanum við tilskipunina, enda sé skylt að veita slíkar upplýsingar um orkuinnihald samkvæmt d-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/74/EBE (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB frá 7. apríl 1995 95/EES/20/13
um breytingu á tilskipun 94/39/EB um skrá yfir fyrirhugaða notkun
dýrafóðurs sem hefur sérstakt næringargildi**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB frá 7. apríl 1995 um breytingu á tilskipun 94/39/EB um skrá yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs sem hefur sérstakt næringargildi í Stjtið. EB nr. L 91, 22.4. 1995. Viðaukanum við tilskipun 94/39/EB er breytt í samræmi við viðauka við þessa tilskipun þannig að hann tekur nú mið af sérstöku næringargildi í samræmi við samþykka aðferð bandalagsins við að reikna úr orkuinnihald gæludýrafóðurs (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ríkisaðstoð
C 61/94
Þýskaland**

95/EES/20/14

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Þýskaland ætlar að veita Buna GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, 5. 5.1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð
C 62/94
Þýskaland**

95/EES/20/15

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Þýskaland ætlar að veita Sächsische Olefinwerke GmbH, Böhlen (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 113, 5. 5. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð
C 64/94
Þýskaland****95/EES/20/16**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Þýskaland ætlar að veita Grundstücksverwaltungsgesellschaft Fort Malakoff Mainz mbH & Co. KG, sem er dótturfyrirtæki Siemens AG/Siemens Nixdorf Informationssysteme AG (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 113, 5. 5. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð
C 6/92
Ítalía****95/EES/20/17**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans og að heimila, samkvæmt c-lið 3. mgr. 92. gr., aðstoðina sem Ítalía veitti CMF SUD SpA og CMF SpA (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 120, 16.5. 1995).

**Ríkisaðstoð
C 63/94
Ítalía****95/EES/20/18**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðaráætlunina um rekstur flugleiða sem kveðið er á um í héraðslögum Sardiníu frá 20. janúar 1994 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. C 117, 12.5. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
C 14/95
Spánn

95/EES/20/19

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar viðbótarfjármagn sem nemur 130 milljörðum PTA frá fyrirtækinu TENEO, sem er í eigu ríkisins, til spænska fyrirtækisins Iberia svo það geti aðlagast nýjum samkeppnisaðstæðum (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 114, 6. 5. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi 95/EES/20/20
ráðinu á tímabilinu 15. 5. til 19. 5. 1995

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmda stjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu jöldi
COM(95) 167	CB-CO-95-188-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um sameiginlegar reglur um flutninga á vörum eða farþegum á skipgengum vatnaleiðum milli aðildarríkja með það að markmiði að koma á rétti til að veita slíka þjónustu á sviði flutninga	10.5.1995	15.5.1995	8
COM(95) 88	CB-CO-95-100-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um sameinaðar mengunarvarnir og -eftirlit	15.5.1995	16.5.1995	13
COM(95) 177	CB-CO-95-198-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB um önnur aukefni í matvælum en litar- og sætuefni	16.5.1995	18.5.1995	8
COM(95) 185	CB-CO-95-211-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun 77/99/EBE um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins	19.5.1995	19.5.1995	14

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/20/21

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
95-0090-NL	Samræmisforskrift að þráðlausum búnaði, SV 04-04, radíótengibúnaði, sem er starfræktur á bilinu 40,5 til 42,5 GHz og notaður til að flytja myndbandamerki	29.6.1995
95-0091-NL	Samræmisforskrift að þráðlausum búnaði, SV 04-03, radíótengibúnaði, sem er starfræktur á tíðnisviðinu 37 til 39,5 GHz	29.6.1995
95-0092-UK	Smíði og notkun ökutækja á vegum	30.6.1995
95-0093-A	Frumvarp til laga í Efra-Austurríki um tæknisamþykki fyrir tiltekna tegund byggingavara (Oberösterreichische Baustoff-Zulassungsverordnung OÖBZV)	28.6.1995
95-0094-F	Drög að tilmælum um framkvæmd reglugerðar um þrýstibúnað fyrir ákveðna tanka sem eru notaðir við flutning á hættulegum varningi	26.6.1995
95-0095-F	Drög að tilmælum um breytingu á tilmælum frá 29. október 1986 um samþykki á gæðastaðli fyrir saltað svínakjöt og reykt flesk fyrir innanlandsmarkað	3.7.1995
95-0096-I	Skjalasafn S - Tækniforskriftir til framkvæmdar ráðherraúrskurði frá 21. nóvember 1972 um logsuðu við smíði og viðgerð á þrýstitækjum og -kerfum	5.7.1995
95-0097-I	Skjalasafn M - Tækniforskriftir til framkvæmdar ráðherraúrskurði frá 21. nóvember 1972 um efni sem notað er við smíði og viðgerð á þrýstitækjum og -kerfum	5.7.1995
95-0098-I	Skjalasafn VSG - Tækniforskriftir til framkvæmdar ráðherraúrskurði frá 21. nóvember 1972 um eftirlit með stöðugleika gufukatla	5.7.1995
95-0099-A	RVS 15.45 Brúarbúnaður, smíði göngubrúa	27.7.1995
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.